

## RÁÐNINGASAMNINGUR

[Félag/vinnuveitandi; kt; heimilisfang] (hér eftir nefnt Félag) og [Hönnuður; kt; heimilisfang] (hér eftir nefndur Starfsmaður) gera með sér eftirfarandi **ráðningarsamning**:

### Vinnustaður og heimilisfang vinnuveitenda

1. Skráð heimilisfang Félags er [heimilisfang eftir þjóðskrá] og er vinnustaður Starfmanns [heimilisfang eða nafn staðar eða staða þar sem vinnan fer fram].
2. Á ráðningartímanum getur Starfsmanni verið falið að sinna sömu eða samsvarandi störfum á öðrum starfsstöðvum á vegum Félags eða dótturfyrirtækja þess.

### Starfssvið

3. Starfsmaður vinnur sem [titill eða stutt lýsing starfs].
4. Verkefnisúthlutun og skipulagning vinnu Starfmanns er ákvörðuð af Félagi og er Starfsmaður ábyrgur gagnvart því.
5. Um ábyrgð og verkefni Starfmanns fer að öðru leyti eftir starfslýsingu eins og hún er á hverjum tíma. Þá skal Félaginu heimilt að fela Starfsmanni ný verkefni eða flytja hann milli verkefna eða deilda.
6. Starfsmaður heitir því að vinna af trúmennsku og skyldurækni þau störf sem hann hefur tekist á hendur og aðhafast ekkert það sem skaðað getur Félagið og orðstír þess.
7. Starfsmaður skal upplýsa Félag reglulega um störf sín og stöðu þeirra verkefna sem hann ber ábyrgð á.

### Ráðningartími

8. Fyrsti starfsdagur er [dags.].
9. Starfsmaður er ráðinn [ótímabundið/tímabil ráðningar].

### Vinnutími

10. Vinnuhlutfall og vinnutími er [hlutfall vinnu miðað við fulla vinnu og klukkustundir á dag/viku/mánuði]

### Laun og launakjör

11. Laun eru eftirfarandi: [Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, kjarasamninga, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af].
12. Önnur laun eða fríðindi eru [aðrar greiðslur eða hlunnindi, svo sem ökutækjastyrkur ofl.]

13. Greiðslutímabil er [*tími uppgjörs og greiðslu launa*].
14. Orlof er innifalið í launum Starfmanns.
15. Dagpeningar og kostnaður á ferðalögum innanlands og erlendis greiðist skv. reglum [*kjarasamninga/Félagsins*]. Félagið sjúkra-, slysa-, ferða- og farangurstryggir starfsmann á ferðum hans á vegum Félagsins skv. reglum þess hverju sinni.
16. Ekki er um önnur laun eða fríðindi að ræða.
17. Starfsmaður skal gæta fyllsta trúnaðar um launakjör sín.

**Lífeyrissjóður, sjúkrapeningar, veikindi, slysa- og líftryggingar, fæðingarorlof og/eða stéttarfélög**

18. [*Tivísun til stéttarfélags og lífeyrissjóðs og tilgreining á orlofsrétti-, tíma- og launum auk sjúkrapeninga eða önnur laun í veikindum eða vegna vinnuslysa*].

**Höfundaréttur**

19. Starfsmaður er höfundur þeirra hönnunar eða annarra hugverka sem unnin eru á vegum Félagsins og sem falla undir vernda höfundalaga nr. 73/1972.
20. Starfsmaður framselur Félaginu allan fjárhagslegan höfundarétt, í heild eða hluta, sameiginlegan eða skiptan, og hvers konar aðrar heimildir sem byggjast á hugverkum Starfmanns og unnin eru á vegum Félagsins.
21. Félaginu er heimilt að hagnýta hugverk með þeim hætti sem Félagið kys á hverjum tíma, en þó þannig að sæmdarréttur Starfmanns sé virtur.
22. Félaginu er heimilt að markaðssetja og kynna hugverk beint eða óbeint með öðrum afurðum eða hugverkum með þeim hætti sem Félagið telur nauðsynlegt og viðeigandi, en þó þannig að sæmdarréttur Starfmanns sé virtur.
23. Starfsmaður skuldbindur sig til þess að veita Félaginu aðstoð við sölu og kynningu á afurðum sem byggist á hugverkinu eftir því sem eðlilegt getur talist.
24. Félaginu er heimilt að gera á hugverkinu hvers konar aðlaganir, breytingar og þýðingar sem henta þykir að höfðu samráði við starfsmann og þannig að sæmdarréttur Starfmanns sé virtur.
25. Starfsmaður á ekki rétt á frekari greiðslum fyrir hönnun eða önnur hugverk en þau laun sem eru tilgreing undir liðnum “launakjör” í ráðningasamningnum.

26. Styrkir frá þriðja aðila sem fást vegna vinnu Starfmanns á vegum Félagsins skulu renna til Félags.
27. Félagið skal ávallt gæta þess að greina frá nafni Starfmanns í tengslum við kynningu og sölu á hugverkinu eða öllum afurðum sem byggjast á hugverkinu, þegar því verður við komið.
28. Öll vinnslugögn vegna hugverka eru eign Félags.
29. Starfsmaður skuldbindur sig til þess hvorki að selja, kynna eða nota hugverk nema í fullu samráði við Félag nema er varðar notkun vegna kynningar í ferilskrá og á heimasíðu Starfmanns, eða öðrum almennum persónulegum vettvangi, enda sé sú notkun ekki í fjárhagslegum tilgangi.
30. Starfsmaður framselur allan vörumerkjarétt vegna hugverksins og afurða sem byggjast á hugverkinu til Félagsins.
31. Starfsmaður skuldbindur sig til þess að skrá ekki vörumerki hugverksins hjá Einkaleyfastofu, eða erlendum vörumerkjaskráningarstofum. Ennfremur skal Starfsmaður ekki skrá eða nota vörumerkið sem lén.
32. Aðilum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur tengdar hugverki til þriðja aðila, hvort sem er að hluta eða í heild nema með skriflegu samþykki gagnaðila.
33. Ákvæði ráðningasamnings um höfundarétt gilda þrátt fyrir að Starfsmaður láti af störfum og einnig eftir uppsögn og eftir riftun af hálfu Félags.

### **Uppsögn**

34. Uppsagnarfrestur er ein vika á fyrstu þremur mánuðum. Eftir þriggja mánaða starf er uppsagnarfrestur 1 mánuður og 3 mánuðir eftir 6 mánaða starf. Uppsögn skal vera skrifleg og bundin við mánaðamót sé uppsagnarfrestur einn mánuður eða lengri.
35. Ef Félagð óskar eftir gjaldþrotaskiptum eða er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu þriðja aðila þá skal allur réttur til hönnunarinnar færast sjálfkrafa yfir til Starfsmanns frá og með þeim degi sem kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti Félags.
36. Starfsmanni er skylt að skila öllum slíkum gögnum sem hann hefur í sinni vörslu eða eyða þeim eða afritum af þeim úr eigin tölvu þegar hann hættir störfum hjá Félaginu, nema að því varðar gögn til notkunar í ferilskrá Starfsmanns.

### **Vanefndarúrræði**

37. Ef Félag brýtur ítrekað gegn skilmálum ráðningasamningsins og vanefndir eru verulegar hefur Starfsmaður heimild til að rifta samningnum og segja upp

starfi tafarlaust og skal þá allur réttur til hugverksins færast sjálfkrafa yfir til Starfmanns og frá Félagi sama dag og riftun tekur gildi og sannarlega tilkynning þess efnis hefur borist. Félag skal þá láta af hendi öll vinnslugögn til Starfmanns og falla önnur ákvæði ráðningarsamningsins um notkun, ráðstöfunarrétt, takmarkanir og annað tafarlaust úr gildi.

38. Ef Starfsmaður brýtur ítrekað gegn skilmálum ráðningasamnings og vanefndir eru verulegar hefur Félag heimild til að rifta samningnum, að undangenginni áminningu til Starfmanns, og skal þá Starfsmaður taka á mótí uppsögn sem tekur gildi sama dag og hætta störfum tafarlaust.

#### **Endurskoðunarákvæði**

39. Laun og vinnutími auk annarra hlunninda skulu endurskoðuð eftir [*tími*] með hiðsjón af árangri í starfi.
40. Ráðningasamningi þessum skal ekki breytt nema skriflega og að báðir aðilar samþykki.

#### **Trúnaðarskylda**

41. Á Starfsmanni hvílir skilyrðislaus þagnarskylda um allt sem hann fær vitneskju um í starfi sínu varðandi Félagið sjálft eða viðskiptamenn þess. Þagnarskylda helst þótt Starfsmaður láti af störfum.

#### **Samkeppnisvernd**

42. Á meðan á ráðningu stendur er Starfsmanni óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu annarra aðila án skriflegs samþykkis félagsins eða hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta gagnvart aðilum sem eru í samkeppni við félagið nema með sérstöku samþykki Félags.
43. Brot á ákvæðum þessarar greinar varðar sektir [*kr*] fyrir hvern byrjaðan mánuð.

#### **Niðurlag**

44. Þetta samkomulag er gert af vitund beggja aðila, er heildstætt og verður ekki breytt nema með skriflegu samþykki beggja aðila.
45. Rísi mál út samningi þessum skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **Undirritun og eintök samnings.**

46. Öllu framanrituðu til staðfestu rita fulltrúi Félags og Starfsmaður nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.
47. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

\_\_\_\_\_  
Dagsetning og staður

\_\_\_\_\_  
Félag

\_\_\_\_\_  
Starfsmaður

Vitundarvottar að rétttri  
dagsetningu og undirskriftum aðila

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala